

*Alþingi
Erindi nr. þ 130/2198
komudagur 28.04.2004*

Iðnaðarnefnd Alþingis
150 Reykjavík

Tilv. yðar

Tilv. vor

Reykjavík, dags.

28.4.2004

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.)

Vísað er í frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.). (Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003-2004).

Fyrir hönd fyrirtækjanna Sigurjónsson & Thor ehf. og Faktor einkaleyfaskrifstofu ehf. skorum við undirrituð á iðnaðarnefnd Alþingis að taka til athugunar þau atriði sem nefnd eru í umsögn FUVE dags. 16.4.2004 og að afgreiða ekki frumvarpið fyrir en að öll atriði varðandi réttarvernd þeirra fjölmörgu EPO einkaleyfa sem ætlunin er að taki gildi hér hafa verið grandskoðuð.

Það eru engir þjóðarhagsmunir sem að mæla með því að frumvarpið verði afgreitt með hraði. Íslendingar geta t.d. lagt inn umsóknir hjá EPO óháð því hvenær ofangreint frumvarp er afgreitt frá Alþingi þar sem að aðild að EPO er ekki forsenda fyrir umsóknum frá Íslandi.

Það sem er mikilvægt er að engin vafaatriði verði í lögunum hvað varðar réttarvernd o.fl. og að nægur tími verði gefinn til að tryggja það.

Áhrif lagabreytinganna á starfsemi fyrirtækja okkar verða þau að viðskipti aukast frá því sem nú er þegar að áhrif EPO verða að fullu komin fram. Það er mjög mikilvægt fyrir starfsfólk okkar og ekki síst eigendur réttindanna að réttarstaðan verði skýr þegar farið verður að vinna eftir lögunum og að góður tími verði veittur til að aðlaga starfsemina að nýjum aðstæðum.

Sigurjónsson & Thor og Faktor einkaleyfaskrifstofa hafa veitt iðnaðarfyrirtækjum um allan heim þjónustu á sviði einkaleyfa í áratugi og hafa lagt inn yfir 50% af öllum

Póstfang
Pósthólf 662
121 Reykjavík

Sími
551 1043


Bréfasími
562 2633

Tölvupóstfang
sigthor@ltn.is


Heimilisfang
Skólavörðustígur 16
101 Reykjavík

einkaleyfaumsóknum sem hafa verið lagðar inn á Íslandi. Markaðshlutdeild
fyrirtækjanna er því mjög mikil.

Sigurjónsson & Thor ehf.


Valborg Kjartansdóttir

Faktor einkaleyfaskrifstofa ehf.


Jón L. Arnalds